

17

1. febr.

Meðan árstekjur sjóðsins ná ekki 400 krónum, má verja helming þeirra til að vinna að markmiði hans, en þrem fjórðu hlutum, eftir að þær hafa náð þeirri upphæð, hinn hlutinn leggst við höfuðstól. Það skerðir ekki rétt til að taka af tekjum sjóðsins í þessu markmiði, þó eitt eða fleiri ár líði, svo ekkert sé gert.

6. gr.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera undir stjórn sóknarnefndar Staðarsóknar, sér hún um allar fjárreiður sjóðsins og býr til reikninga hans. Skulu þeir endurskoðaðir árlega með reikningum kirkjunnar. Verði sú breyting á skipun kirkjumála, að störf sóknarnefnda falli niður, fellur stjórn sjóðsins undir hliðstæða aðila.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Suðureyri í Súgandafirði, 30. nóv. 1948.

Valdimar Þorvaldsson.

Kr. G. Þorvaldsson.

Guðm. Þorvaldsson.

18

1. febr.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 1. febr. 1949. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð Seyðisfjarðarkirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Seyðisfjarðarkirkju.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla hag kirkjunnar og kirkjulegt starf á Seyðisfirði.

3. gr.

Sjóðinn skal fyrst og fremst nota til þess að sjá kirkjunni fyrir nauðsynlegum tækjum til hennar þjónustu, og að afla henni nýtra tækja, er í framtíðinni kunna að verða talin nauðsynleg til eflingar kirkjulegu starfi í sókninni. Enn fremur skal nota sjóðinn til eflingar kirkjusöngnum. Að öðru leyti hefur stjórn sjóðsins frjálssar hendur um notkun hans til kirkjulegs starfs, þegar þörf krefur og fært þykir.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Allt samskotafé, gjafir og áheit, er kirkjunni kann að áskotnast, nema gefið sé í öðrum tilgangi en þeim, er sjóðurinn hefur.
2. Árleg fjársöfnun til sjóðsins, er stjórn hans gengst fyrir í sambandi við kirkjulega samkomu (kirkjudag Seyðisfjarðarkirkju) o. s. frv.
3. Tekjur af öðrum samkomum, happdrætti eða hlutaveltum, er stjórn sjóðsins kann að gangast fyrir.

## 5. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00, að viðlögðum vöxtum og vaxtavöxtum, er stjórn sjóðsins heimilt að nota ársvexti hans eftir þörfum, en höfuðstól má eigi skerða, fyrr en hann nemur kr. 50000.00, en þá er sjóðstjórn heimilt að taka til notkunar allt að  $\frac{1}{10}$  hluta hans, enda séu a. m. k. 5 stjórnarmeðlimir mættir á fundi og ræður þá einfaldur meiri hluti.

18

1. febr.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 7 menn, sóknarnefnd, safnaðarfulltrúi og sóknarprestur, og er hann formaður sjóðstjórnar, en gjaldkeri sóknarnefndar skal annast gjaldkerastörf fyrir sjóðinn og nauðsynlegt bókhald.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikninga skal endurskoða af tveimur mönnum, er almennur safnaðarfundur tilnefnir. Bera skal reikningana upp til samþykktar á almennum safnaðarfundum.

## 8. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í útibúi Útvegsbankans á Seyðisfirði, eða á öðrum þeim stað, er talizt geti jafntryggur.

## 9. gr.

Sjóðstjórn ber engin þóknun fyrir störf sín vegna sjóðsins, en gjaldkera má launa eins og stjórninni þykir sanngjarnt.

## 10. gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta nema  $\frac{2}{3}$  stjórnarinnar séu því samþykkir.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt þannig á sóknarnefndarfundum á Seyðisfirði 18. nóvember 1948.

Erl. Sigmundsson.

Jón Vigfússon.

Gísli Jónsson.

Guðrún Gísladóttir.

Jóh. Arngrímsson.

**REGLUGERÐ****um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum.**

19

1. febr.

## 1. gr.

Höfundafélög eða heildarsamtök höfunda fara með almenna aðild til þess að semja um flutningsrétt á ritverkum og tónsmíðum, sem verndar njóta samkvæmt lögum um rithöfundarétt og prentarétt, nr. 13 frá 20. október 1905, enda hafi þau áður öðlast löggildingu menntamálaráðuneytisins. Löggilding skal veitt með þeim skilyrðum, sem menntamálaráðuneytið telur nauðsynleg.

## 2. gr.

Aðila, sem öðlazzt hefur löggildingu samkvæmt 1. gr., skal heimilt að setja gjaldskrá um flutning verka þeirra, sem löggilding hans nær til. Gjaldskrá skal birta í Lögbirtingablaðinu.